

Ferðavenjur sumarið 2007



**Land-
ráð sf**

Bjarni Reynarsson
janúar 2008

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Inngangur	4
Ferðir alls	5
Innanlandsflug	16
Umferð á höfuðborgarsvæðinu	25
Ferðir til og frá höfuðborgarsvæði	32
Lokaorð	35
Viðauki I	36

Ágrip

Helstu niðurstöður þessarar könnunar á ferðavenjum sumarið 2007 eru eftirfarandi:

- Um 16% svarenda í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðis og 10% íbúa landsbyggðakjarna vinna utan búsetusvæðis sem er nokkur aukning frá 2004. Hlutfall íbúa höfuðborgarsvæðis er svipað og áður eða tæp 5%. Um 20% svarenda í Árborg vinna á höfuðborgarsvæði.
- Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði hefur aukist frá sumrinu 2004, var þá 14 ferðir en eru nú 15 ferðir. Mest aukning er frá jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins (ferðabeltinu).
- Meðalferðatími út fyrir búsetusvæði er svipaður og 2004, 2 tímar og 45 mínútur.
- Um 15% svarenda dvelur meira en 2 mánuði samtals á ári utan lögheimilis, þar af um þriðjungur vegna vinnu eða skóla og 15% í sumarhúsi.
- Ferðir í sumarhús eru færri en 2004, voru þá 10 að meðaltali en 5 sumarið 2007. Kemur þar vaxandi hjólhýsaeign án efa inn í myndina en 20% svarenda sagðist eiga slík ferðatæki og var meðalnotkun þeirra 11 dagar sumarið 2007
- Meðalfjöldi ferða til höfuðborgarsvæðisins hefur aukist frá sumrinu 2004 úr 11 í 12 ferðir 2007. Mest aukning er í fjölda ferða hjá ungu fólki og íbúum jaðarbyggða höfuðborgarsvæðis
- Tvær mikilvægustu framkvæmdir í samgöngukerfinu eru að áliti svarenda lagning Sundabrautar um 15% svara og tvöföldun Suðurlandsvegur 12% svara
- Um þriðjungs aukning hefur orðið á notkun innanlandsflugs frá sumrinu 2004. Fólk í landsbyggðakjörnum flýgur að meðaltali um 5 ferðir á ári og íbúar höfuðborgarsvæðis 1,3 ferðir.
- Íbúar höfuðborgarsvæðis sem nota innlandsflug almennt fljúga að meðaltali 3,8 ferðir á ári. Um 37% íbúa höfuðborgarsvæðis vilja sjá aukið millilandaflug frá Reykjavík.
- Ef flugstarfsemi verður flutt úr Vatnsmýri vilja 44% íbúa höfuðborgarsvæðisins að hún fari til Keflavíkur en 56% íbúa landsbyggðakjarna að hún verði áfram á höfuðborgarsvæði.
- Meðalfjarlægð milli heimilis og vinnu á höfuðborgarsvæðinu er 5,7 km og tekur ferðin frá heimili til vinnu að meðaltali 12 mínútur. Íbúar höfuðborgarsvæðisins eyða að meðaltali 45 mínútum á virkum degi í bíl.
- Um 2/3 hluti svarenda á höfuðborgarsvæði segist tilbúinn að skiptast á við nágretta eða vinnufélaga að aka til vinnu.
- Að áliti íbúa höfuðborgarsvæðis er best að leysa toppa í umferðarálagi með umbótum á stofnbrautakerfi, tíðari og ódýrari strætóferðum og sveigjanlegum vinnutíma.
- Tíðni ferða til höfuðborgarsvæðisins er 9 sinnum meiri frá 10 stöðum á landsbyggð en fjöldi ferða íbúa höfuðborgarsvæðisins til þeirra staða.
- Tíðni ferða til og frá höfuðborgarsvæðinu minnkar hratt eftir að um 60km fjarlægð er náð og munar ekki miklu á fjölda ferða eftir 150km eða meiri fjarlægð.


Inngangur

Skýrsla þessi er unnin fyrir samgönguyfirvöld af Land-ráði sf í samvinnu við Miðlun ehf. Hún er kostuð af Vegagerðinni og Flugstoðum. Meginmarkmið könnunarinnar var að fá skýra mynd af ferðavenjum innanlands og breytingum á þeim frá 2004. Upplýsingarnar eru hugsaðar sem grunngógn við almenna stefnumótun í samgöngumálum, sérstaklega fyrir endurskoðun á samgönguáætlun.

Viðhorfskönnunin sem er símakönnun fór fram í september og október 2007. Tóku um 980 manns í henni. Könnunarstaðir voru þeir sömu og í svipaðri könnun sem Land-ráð sf vann fyrir samgönguyfirvöld á sumarferðum 2004. Þeir eru Höfuðborgarsvæðið, Árborg, Reykjanesbær og Akranes (jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins), Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir (landsbyggðarkjarnar). Þá er höfuðborgarsvæðinu skipt í 4 hluta.


Könnunin skiptist í þrjá þætti; ferðir út fyrir búsetusvæði, innanlandsflug og ferðir innan höfuðborgarsvæðis. Spurt var 41 spurninga (sjá spurningalista í viðauka I). Þær eru margar þær sömu og í könnun 2004 en þá var aðeins spurt 29 spurninga. Í þessari könnun er farið nánar í ferðavenjur innan höfuðborgarsvæðis en í fyrri könnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld.

Ætlunin er að fylgjast reglubundið með þróuninni í samgönguvenjum með viðhorfskönnunum á næstu árum. Þetta er fyrsta könnunin í því ferli. Æskilegt væri að fylgja eftir könnun á vetrarferðum 2004/2005 með nýrri könnun í mars/apríl n.k. Með því að fylgjast reglulega með þróun í samgöngum og samgönguvenjum má bregðast hratt við og aðlaga stefnumótun að breytilegu ferðamynstri og stýra þróuninni í æskilega farvegi.



Ferðir alls


Vinna utan búsetusvæðis: Svipað hlutfall svarenda á öllum könnunarstöðum vinna utan búsetusvæðis 2007 og 2004 eða um 10%. Töluverð aukning er á þessu hlutfalli hjá svarendum í jaðarbyggðum og landsbyggðakjörnum frá 2004. Hlutfalli þeirra sem vinna utan höfuðborgarsvæðis er svipað 4,3% árið 2007 og 5% 2004.



Mynd 1

Nokkur munur er milli könnunarstaða 2007. Þannig vinna 21% svarenda í Árborg á höfuðborgarsvæði, 17% svarenda í Reykjanesbæ og 10% á Akranesi. Um 13% svarenda á Egilsstöðum vinna utan sveitarfélags, 12% á Ísafirði og 7% Akureyringa.


Ferðatími til vinnu innan og utan búsetusvæðis: Svarendur á öllum könnunarstöðum eru að meðaltali 17 mínútur á leið til vinnu (vinnustaðir bæði innan og utan búsetusvæðis). Miðgildi er 8 mínútur sem segir okkur að nokkur hópur ferðast langar vegalengdir sem hækkar meðalferðatíma um nærri helming frá miðgildi.




Mynd 2

Hjá um fjórðungi allra svarenda tekur ferðin til vinnu meira en 15 mínútur og hjá þriðjungi svarenda í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins, sem þýðir að þessir aðilar vinna utan búsetusvæðis/sveitarfélags. Tæpur helmingur svarenda á höfuðborgarsvæðinu er 8 – 15 mínútur á leið til vinnu.

Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði: Sumarið 2007 var meðalfjöldi ferða fólks út fyrir búsetusvæðið 15 ferðir eða rúmlega ein ferð að meðaltali á viku. Karlar ferðast meira en konur og fólk á miðjum aldri meira en þeir sem eru yngri og eldri. Eins og í fyrri könnunum kemur fram að fólk sem býr á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins (ferðabeltinu) ferðast mun meira út fyrir búsetusvæðið en aðrir landsmenn og eru þeir að sækja bæði vinnu og þjónustu til höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 3



Mynd 4


Meðalfjöldi ferða út fyrir búsetusvæði yfir sumartímenn hefur heldur aukist frá 2004 þegar þær voru að meðaltali 14. Mest aukning hefur verið frá þéttbýliskjörnum á jaðarsvæði höfuðborgarsvæðisins Árborg og Akranesi. Sama á við um höfuðborgarsvæðið. Aftur á móti hefur fjöldi ferða frá Reykjanesbæ minnkað (líklega vegna mikilla framkvæmda í sveitarfélaginu) og meðalfjöldi ferða staðið í stað frá þéttbýlisstöðum út á landsbyggðinni.

Ferðamáti: Engar miklar breytingar hafa orðið á ferðamáta út fyrir búsetusvæði frá 2004. Yfir 90% svarenda ferðast með einkabíl og flug er um 4% allra ferða. Reyndar voru um 8% ferða fólks frá landsbyggðarkjörnum með flugi, en það er mjög lítið notað af íbúum jaðarbyggða höfuðborgarsvæðis, eða um 2% ferða.




Mynd 5

Erindi: Ekki er heldur miklar breytingar á erindum út fyrir búsetusvæði yfir sumartímenn frá könnun 2004. Sumarfrísferðir og heimsóknir til vina og ættingja eru lang algengustu erindin.




Mynd 6

Ef litið er til mismunar erinda eftir búsetu samkvæmt könnun 2007 eru heimsóknir og vinnuferðir algengari frá jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins en frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðarkjörnum. Verslun er hlutfallslega algengt erindi á jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins og læknisheimsóknir frá landsbyggðakjörnum.



Mynd 7

Timalengd ferða út fyrir búsetusvæði: Meðalferðatími út fyrir búsetusvæði var mjög svipaður sumarið 2007 og 2004. Sumarið 2004 reyndist hann vera 2:50 mínútur og 2:45 sumarið 2007. Meðalferðatími íbúa höfuðborgarsvæðisins 2007 reyndist vera 2:45 mínútur, jaðarbyggðar 1:30 mínútur og landsbyggðakjarna 3:15 mínútur. Um helmingur ferða frá jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins eru þangað, en slík ferð tekur aðeins um eina klukkustund, þess vegna er meðalferðavegalengd þeirra mun styttri en frá landsbyggðakjörnunum sem eru mun fjær höfuðborgarsvæðinu þangað sem flestar ferðir liggja.




Mynd 8

Meðalferðatími Akureyringa og Egilsstaðabúa út fyrir búsetusvæði reyndist vera um 2:45 mínútur en Ísfirðinga 4:30 mínútur. Líklega aka Ísfirðingar oftar til höfuðborgarsvæðisins en íbúar hinna landsbyggðakjarnanna sem nota meira innanlandsflug og þess vegna er meðalferðatími þeirra styttri.

Dvalið lengur en 2 mánuði á ári samtals utan heimilis. Um 15% svarenda sögðust dveljast að jafnaði lengur en 2 mánuði samtals á ári utan lögheimilis/sveitarfélags. Ekki reyndist vera munur milli búsetusvæðanna 3 hvað þetta varðar en meðaltöl þeirra reyndust vera um 14 – 16% svarenda.


Yngsta og elsta fólkið dvelst einna lengst utan lögheimilis, þeir ungu líklega vegna skólagöngu og þeir eldri vegna dvalar erlendis á sólríkari stöðum en á Íslandi. Fólk búsett í Árborg og í grannsveitarfélögum Reykjavíkur dvelst heldur lengur fjarri heimili en íbúar annarra sveitarfélaga í könnuninni.



Mynd 9


Þegar þeir sem sögðust dveljast lengur en 2 mánuði samtals á ári fjarri lögheimili voru spurðir hvar þeir hefðu verið svaraði um helmingur því að það væri á fleiri en einum stað bæði innanlands og erlendis. Án efa eru frí erlendis stór hluti þessara svara því að margir dveljast lengi á Kanaríeyjum yfir vetrarmánuðina eða í eigin húsi/leiguhúsi á Spáni.

Þeir sem tilnefndu einn stað nefndu flestir í íbúð á vegum fyrirtækis eða 17%. 15% nefndu sumarhús og 13% erlendis vegna vinnu. Tæp 3% nefna heimavist í skóla. Þeir yngstu nefndu oftast skóladvöl, þeir elstu dvöl í sumarhúsi og fólk á miðjum aldri ferðir vegna vinnu.



Mynd 10


Eignarhald og aðgangur að sumarhúsi: Um 42% svarenda sögðust eiga eða hafa aðgang að sumarhúsi. Þetta eru ívið lægri tölur en í könnun 2004, var samsvarandi tala þá 46%. 19% svarenda sögðust eiga sumarhús og 27% hafa aðgang að sumarhúsi. Í könnun 2007 var ekki gerður greinarmunur á þessu. Aðgengi að sumarhúsum er hlutfallslega mest meðal íbúa höfuðborgarsvæðis og vex hratt með auknum tekjum og nokkuð eftir aldri.



Mynd 11


Ferðir í sumarbústað: Sumarið 2007 var meðalfjöldi ferða í sumarbústað 5,2 og miðgildi 3 ferðir. Fjöldi ferða jókst með aldri svarenda. Í könnun fyrir sumarið 2004 voru aðeins þeir sem eiga sumarbústað spurðir um fjölda ferða þangað, en árið 2007 voru þeir einnig spurðir sem hafa aðgang að sumarhúsi þannig að tölur milli ára eru ekki sambærilegar.

Sumarið 2004 reyndist meðalfjöldi ferða sumarbústaðaeigenda vera um 10 ferðir og miðgildi 6 ferðir. Það er greinilegt að þeir sem eiga sumarbústað fara mun oftara þangað en þeir sem aðeins hafa aðgang að sumarhúsi. Líklega hefur aukin eign á húsbílum og hjólhýsum á síðustu árum dregið heldur úr heimsóknunum þeirra í sumarhús sem aðeins hafa aðgang að þeim. Svarendur í jaðarbyggðum höfuðborgarsvæðisins fóru sjaldnar í sumarhús en íbúar höfuðborgarsvæðis og landsbyggðarkjarna.




Mynd 12

Eign og notkun á tjaldvögnum, fellihýsum og hjólhýsum: Um 20% svarenda eiga framgreind ferðatæki. Eignarhaldið er mun algengara hjá þeim sem eru 45 ára og eldri en þeim sem yngri eru. Þá er slík eign mun algengari hjá þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins en hjá íbúum höfuðborgarsvæðis.



Mynd 13


Meðalfjöldi daga yfir sumarmánuðina sem eigendur hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna notuðu þau voru 11 og miðgildi 8 dagar. Um 14% notuðu hjólhýsin einn dag eða aldrei og 24% í 16 daga eða lengur. Meiri notkun er hjá eldra fólki og þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðis. Þá eru karlar duglegri að nota ferðatækin en konur.



Mynd 14


Fjöldi sumarferða til höfuðborgarsvæðisins: Svarendur í jaðarbyggð og í landsbyggðakjörnum fóru að meðaltali 12 sinnum til höfuðborgarsvæðisins sumarið 2007 einni ferð oftari en sumarið 2004. Reyndar segir meðaltalið ekki nema hálfa sögu því að íbúar landsbyggðakjarna fóru að meðaltali 3 ferðir en íbúar jaðarbyggða höfuðborgarsvæðisins 7 sinnum oftari eða 22 ferðir.

Karlar eru meira á ferðinni en konur og yngri fólk meira en það eldra. Töluverð aukning er í fjölda ferða frá jaðarbyggðunum frá sumrinu 2004 og eins hjá yngri fólki almennt. Virkni ferðabeltisins umhverfis höfuðborgarsvæðið hefur aukist umtalsvert frá sumrinu 2004.



Mynd 15


Ferðamáti til höfuðborgarsvæðisins: Um 82% fólks ferðast með bíl til höfuðborgarsvæðisins yfir sumartímann og 24% svarenda í landsbyggðarkjörnum nota flug. Aðrir ferðamátar eins og rútu- og ferjuferðir eru um 4% allra ferða. Helsti munur á ferðum til höfuðborgarsvæðisins og öllum ferðum út fyrir búsetusvæði er hve flug er mun meira notað á ferðum til höfuðborgarsvæðis 14% í stað 4% af öllum ferðum. Raunar er ekki raunhæft að reikna jaðarbyggðina með hvað varðar flug til höfuðborgarsvæðis og er flug því notað í fjórðungi allra ferða frá stöðum í meira en 400 km fjarlægð frá höfuðborginni. Sjá einnig mynd 5 hér að framan.



Mynd 16

Mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi næstu misseri: Sundabraut var oftast nefnd eða í um 15% svara. Yfir 10% svara voru eftirfarandi framkvæmdir: Breikkun Suðurlandsvegur austur yfir fjall, að bæta gatnakerfið á Höfuðborgarsvæðinu, og bæta /breikka hringveginn. Miðað við fámennið á Vestfjörðum voru óskir um að bæta vegakerfið á Vestfjörðum (aðallega með jarðgöngum) með ótrúlega hátt hlutfall eða 8% svara. Aðrar framkvæmdir sem náðu yfir 5% svara voru: Tvöföldun Reykjanesbrautar, jarðgöng á Austurlandi og breikkun Vesturlandsvegur.


Almennt er þessi röð framkvæmda í samræmi við umræðu í fjölmiðlum um æskilegar framkvæmdir á samgöngukerfinu sem verið hefur síðustu misseri. Fróðlegt er að sjá að sértækari lausnir eins og að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og að hefja rekstur lestakerfis þar (spurvagna og/eða neðanjarðarkerfis) ná inn á þennan lista.



Mynd 17


Innanlandsflug

Notkun innanlandsflugs: Heldur færri svarendur eða 73% á öllum könnunarstöðum notuðu ekki innanlandsflug yfir sumarmánuðina 2007 á móti 79% sumarið 2004. Um fjórðungur svarenda notar því innanlandsflug reglulega. Um 17% svarenda flugu 2 sinnum eða oftar þessa 3 mánuði 2007 og 7% 4 sinnum eða oftar.



Mynd 18


Fjöldi flugferða yfir sumartíma 2004 og 2007: Töluverð aukning hefur orðið á innanlandsflugi yfir sumarmánuðina frá árinu 2004 þ.e. 0,8 ferðir að meðaltali á móti 0,6 ferðum 2004. Þetta er fyrst og fremst vegna tæplega 60% aukningar í meðalfjölda ferða frá



Mynd 19


landsbyggðakjörnum á þessu tímabili. Tíðni flugferða hjá íbúum höfuðborgarsvæðis og jaðarbyggða er aftur á mótí svipuð.

Ef aðeins er skoðaður fjöldi flugferða hjá þeim sem flugu sumarið 2007 er meðalfjöldi ferða 3 eða ein á mánuði. Nú er ekki eins mikill munur á tíðni flugferða milli könnunarsvæða, því að flugnotendur á höfuðborgarsvæði flugu að meðaltali 2,3 ferðir, svarendur í jaðarbyggð 1,8 ferðir og landsbyggðakjarna 3,5 ferðir.



Mynd 20


Meðalfjöldi flugferða innanlands á ári að jafnaði: Samkvæmt svörum allra í könnuninni 2007 var meðalfjöldi ferða í innanlandsflugi á ári 2,2 ferðir. Í könnun 2004 var samsvarandi tala 2 ferðir, þannig að um nokkra aukningu er að ræða. Ef aðeins er litið til svara þeirra sem sögðust fljúga a.m.k. eina ferð á ári að jafnaði er meðaltalið 4,5 ferðir.



Mynd 21


Íbúar höfuðborgarsvæðisins sem nota innanlandsflug flugu að jafnaði 4,5 ferðir, jaðarbyggða 2,9 og landsbyggðakjarna tæpar 6 ferðir á ári. Mun minni munur er á meðaltölum allra svarenda og þeirra sem nota innanlandsflug í landsbyggðakjörnum en á hinum könnunarsvæðunum. Það skýrist af því að mun lægra hlutfall íbúa landsbyggðakjarna nota innanlandsflug ekki eða 13%, miðað við 2/3 hluta íbúa höfuðborgarsvæðis- og jaðarbyggða.

Flug til og frá Reykjavík: Mikill meirihluta flugferða í innanlandsflugi á upphaf eða endi á Reykjavíkurlugvelli. Rúm 62% íbúa höfuðborgarsvæðis sögðust að jafnaði aldrei nota innanlandsflug en aðeins 17% íbúa landsbyggðakjarna. Þetta endurspeglast í meðalfjölda flugferða, en svarendur í landsbyggðakjörnum fljúga að meðaltali 4,4 sinnum á ári til Reykjavíkur en íbúar höfuðborgarsvæðisins 1,2 sinnum út á land.




Mynd 22

Flogið minna, svipað eða meira og fyrir 3 – 5 árum? Um 18% allra svarenda 2007 sögðust fljúga meira en áður, 19% minna og 63% svipað. 71% íbúa höfuðborgarsvæðisins sögðust fljúga svipað 11% meira en 18% minna. Það eru íbúar landsbyggðakjarnanna sem eru að nota flug meira en áður, 32% svara því svo, en 27% árið 2004. Samkvæmt þessu hefur verið hægt aukning í innanlandsflugi síðustu ár.




Mynd 23

Aðalerindi í síðasta flugi: Um 11% flugfarpega af landsbyggðinni sögðu að aðalerindi í síðasta flugi hafi verið að fara í flug til útlanda, fjórðungur vegna vinnu, rúm 40% í frí eða að heimsækja ættingja. Um 10% sögðu aðalerindið vera að heimsækja lækni, fara á fund, ráðstefnu eða íþróttaviðburð og önnur 10% að reka ýmiss konar erindi. Vinnuferðir voru hlutfallslega algengastar frá Akureyri og Ísafirði og hjá háskólamentuðu fólki og þeim sem eru í hæsta tekjuflokki.



Mynd 24

Á hvers vegum flogið? Um 66% svarenda sögðust yfirleitt fljúga á á eigin vegum, 13% á vegum ríkis eða sveitarfélaga og 21% á vegum einkafyrirtækis. Fólk búsett í landsbyggðakjörnunum sagðist oftast fljúga á eigin vegum eða 70% og fólk á höfuðborgarsvæðinu á vegum einkafyrirtækja eða 24%.




Mynd 25

Meðalfjöldi flugferða til útlanda á ári: Að meðaltali fara Íslendingar tæplega 2 ferðir á ári til útlanda miðað við svörin í könnuninni 2007. Miðað við fyrri kannanir er þetta aukning á utanlandsferðum. Samkvæmt sumarkönnun 2004 voru ferðir yfir 3 sumarmánuði 0, 6 og 0,3 yfir 3 vetrarmánuði 2004/2005 sem gefur ca. 1,5 ferðir alls.


Um fjórðungur íbúa landsbyggðakjarna fljúga annað hvort ár eða sjaldnar til útlanda en 12% íbúa höfuðborgarsvæðis. Rúmur fimmtungur fólks í efsta tekjuflokki flýgur fimm sinnum eða oftár á ári til útlanda.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins fljúga mun oftár en aðrir eða að meðaltali 2,4 ferðir. Karlar fljúga oftár en konur og fólk á miðjum aldri oftár en aðrir aldurshópar. Fjöldi utanlandsferða vex með auknum tekjum og sama á við um aukna menntun.




Mynd 26

Mikilvægasta aðgerð til að auka innanlandsflug: Í um ¼ svara kemur fram að mikilvægasta aðgerð til að auka innanlandsflug sé að lækka verð á flugfargjöldum. Þetta hlutfall er enn hærra hjá svarendum í landsbyggðakjörnum eða 84%. Önnur atriði sem nefnd voru eru í mikilvægisröð (2% til 1% svara); að fá fleiri lágfargjaldatilboð á netinu, bæta við áfangastöðum, tíðari ferðir, bætt aðstöðu á flugstöð og bætt öryggi með lengri flugbrautum.




Mynd 27

Mikilvægi innanlandsflugs fyrir þitt byggðarlag? Í svörum 2/3 hluta þátttakenda kemur fram að innanlandsflug sé mikilvægt fyrir byggðarlag þeirra. Um 92% svarenda í landsbyggðakjörnum telja innanlandsflug mikilvægt á móti 65% íbúa höfuðborgarsvæðis og 33% svarenda í jaðarbyggðum. Um fjórðungur svarenda á höfuðborgarsvæði telja innanlandsflug ekki mikilvægt en tæpur helmingur telur það mjög mikilvægt.




Mynd 28

Hvað þarf helst að bæta á þinni flugstöð? Almennt finnst svarendum að helst þurfi að bæta aðkomu og fyrirkomulag bílastæða, sérstaklega á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík. Næst kemur aðstaða fyrir farþega. Brýnast er að bæta hana á Egilsstöðum og í Reykjavík. Betri almenningssamgöngur við flugstöð er í þriðja sæti. Brýnast er að bæta þær í Reykjavík og á Ísafirði. Bæta þarf veitingaþjónustu á Ísafirði og Reykjavík og einnig innritun og öryggi farangurs á þeim stöðum sem og á Egilsstöðum.



Mynd 29

Ef miðstöð innanlandsflugs verður flutt úr Vatnsmyri - þá hvert? Í heildina eru jafn margir eða 36% sem vilja flytja miðstöð innanlandsflugs á annan stað á höfuðborgarsvæðinu eða til Keflavíkur. Um 44% íbúa höfuðborgarsvæðis vilja flytja flugstarfsemi í Reykjavík til Keflavíkur og 27% á annan stað á höfuðborgarsvæðinu. Samsvarandi tölur fyrir jaðarbyggð eru 48% og




Mynd 30

26%. Íbúar landsbyggðakjarna hafa aðra afstöðu. Ef flytja á miðstöð innanlandsflugs vilja 56% að það verði til annars staðar innan höfuðborgarsvæðisins og aðeins 14% nefna Keflavík.

Í vetrarkönnun 2004/2005 var spurt hversu hlyntir/andvígir svarendur væru því að miðstöð innanlandsflugs væri flutt til Keflavíkur. Þá voru 82% svarenda í landsbyggðakjörnum andvígir því og 48% íbúa höfuðborgarsvæðis (38% hlyntir því). Í könnun á ferðavenjum fólks á 16 landsbyggðasvæðum í mars 2006 kom fram að 54% fólks sem bjó að flugsvæðum (yfir 300km frá höfuðborgarsvæði) sagðist myndi fljúga mun minna ef miðstöð innanlandsflugs yrði flutt til Keflavíkur. Í könnun meðal flugfarþega á sama tíma sögðust 81% myndu fljúga mun minna.

Á að bjóða upp á aukið flug til útlanda frá fleiri flugstöðvum en Keflavík? Um 78% voru hlyntir því og voru svarendur í landsbyggðakjörnum sérstaklega hlyntir því eða 91%. Um 74% svarenda í jaðarbyggðum var því meðmælt og 70% íbúa höfuðborgarsvæðis. Jákvæðni eykst með hækkandi aldri.




Mynd 31

Frá hvaða flugvelli? Um 83% allra svarenda nefndu Akureyrarflugvöll og 67% Egilsstaðaflugvöll. Um 31% nefndu Reykjavíkflugvöll og 28% Ísafjarðarflugvöll.

Yfir 95% Akureyringa og Egilsstaðabúa vildu sjá aukið millilandaflug frá heimaflugvelli sínum. Um 62% Ísfirðinga vildu sjá millilandaflug frá Ísafirði og um 37% íbúa höfuðborgarsvæðisins vildu sjá aukið millilandaflug frá Reykjavíkflugvelli.

Um helmingur íbúa Reykjavíkur sem búa austan Kringlumýrarbrautar eru jákvæðir gagnvart auknu millilandaflugi frá Reykjavíkflugvelli. Um 28% íbúa Reykjavíkur vestan Kringlumýrarbrautar og 27% svarenda í grannsveitarfélögum Reykjavíkur eru á þeirri skoðun.

Um 43% Akureyringa og um þriðjungur svarenda á Akranesi og í Árborg eru hlyntir auknu millilandaflugi frá Reykjavíkflugvelli.




Mynd 32

Umferð á höfuðborgarsvæðinu


Fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar: Um 27 % svarenda á höfuðborgarsvæðinu búa í innan við 2 km fjarlægð frá vinnustað. Um 33% þurfa að fara 3 til 5 km, 14% 6 til 8 km og 26% 9 km eða lengri vegalengd. Meðalfjarlægð er 5,7 km og miðgildi 5km.

Dreifing fjarlægðar milli íbúðabyggðar og vinnusvæða á höfuðborgarsvæðinu er nokkuð ójöfn. Nokkuð hátt hlutfall íbúðabyggðar er t.d. í innan við 3 km fjarlægð frá miðborg Reykjavíkur þar sem mikið er um vinnustaði. Nokkuð margir þurfa að fara um 5 km vegalengd sem og um 10 km til vinnu.



Mynd 33

Meðalferðatími milli heimilis og vinnu. Hann er um 10½ mínútur á höfuðborgarsvæðinu og miðgildi um 9 mínútur. Þetta er í samræmi við upplýsingar í Skýrslu Hönnunar frá 2006




Mynd 34

„Samgönguskipulag í Reykjavík“ en þar kemur fram að meðal vegalengd með einkabíl á höfuðborgarsvæðinu árið 2002 voru um 9 mínútur. Meðalferðatími frá heimili til vinnu er stystur í Reykjavík II (milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar) eða 9:15 mínútur. Því næst í Reykjavík I vestan Kringlumýrarbrautar 9:30 mínútur. Í úthverfum Reykjavíkur er meðalferðatími 11:30 mínútur og í grannsveitarfélögum er ferðatími lengstur eða um 12 mínútur. Ferðatími á einkabíl er ekki mikill á Höfuðborgarsvæðinu borið saman við Sænskar borgir en hann var um 40 mínútur og meðalvegalengd 22km. (Res 2005-2006.SIKA, 2007:19)


Staðsetning á höfuðborgarsvæðinu er farin að skipta verulegu máli varðandi ferðatíma til vinnu. Miðpunktur íbúadreifingar á höfuðborgarsvæðinu er austarlega í Fossvogsdal og því eru íbúar sem búa í Reykjavík II fljótari til vinnu en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins. Einnig skiptir dreifing vinnustaða verulegu máli en 41% svarenda vann í Reykjavík I og um 67% svarenda sem búa í þeim borgarhluta vinna þar.

Meðalfjöldi ferða: Að meðaltali fóru allir svarendur 3,57 ferðir á virkum degi samkvæmt könnun 2007 þ.e. allar ferðir (ein ferð er frá A til B). Karlar fara heldur fleiri ferðir en konur og yngra fólk fleiri ferðir en þeir eldri þótt munurinn sé ekki mjög mikill (4,17 ferðir hjá yngsta hópnum og 2,94 hjá þeim elstu að meðaltali). Ferðafjöldi er ekki meiri á höfuðborgarsvæðinu en hinum könnunarsvæðunum, raunar mestur hjá íbúum landsbyggðakjarna 3,80. Íbúar í elsta hluta Reykjavíkur (Reykjavík I) fara að meðaltali heldur færri ferðir en aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins sem ræðst líklega af magni og fjölbreytni þjónustu í miðborginni (þ.e. geta afgreitt mörg erindi í einni ferð)



Mynd 35


Meðaltími sem fólk eyðir í einkabíl á virkum degi: Að meðaltali sögðust svarendur eyða rúmlega 40 mínútum í einkabíl á virkum degi. Þeir yngri eyða að meðaltali töluvert meiri tíma en þeir eldri í bíl og karlar heldur meiri tíma en konur. Íbúar höfuðborgarsvæðis eyða að meðaltali 47 mínútum á dag í bíl (miðgildi 40 mínútur) en fólk í landsbyggðakjörnum rúmum hálf tíma. Íbúar vestan Kringlumýrarbrautar nota minni tíma enda ættu þeir að geta sótt ýmsa þjónustu í miðbæinn án þess að nota bíl. Þeir sem búa í úthverfum Reykjavíkur og í grannsveitarfélögum eyða meiri tíma í bíl en þeir sem búa miðsvæðis í Reykjavík. (Reykjavík I og II).



Mynd 36


Ferðamáti um höfuðborgarsvæðið: Um 87% íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum 18 til 75 ára ferðast að jafnaði á eigin bíl innan höfuðborgarsvæðisins. Um 95% íbúa jaðarbyggða aka um höfuðborgarsvæðið á eigin bíl, en aðeins 75% íbúa landsbyggðakjarna. Þar sem margir þeirra koma með flugi nota þeir meira bílaleigubíla eða strætisvagna.

Eftir því sem svarendur á höfuðborgarsvæðinu búa fjær miðborginni nota þeir einkabíl meira sem sjá má af 75% notkun fólks sem býr vestan Kringlumýrarbrautar (Reykjavík I) en 92% íbúa í grannsveitarfélögum Reykjavíkur.



Mynd 37


Um 4% svarenda á höfuðborgarsvæði ferðast að jafnaði með strætisvögnum og önnur 4% gangandi. 2% segjast oftast nota reiðhjól og 1% ferðast oftast sem farþegar í bíl. Um 11% svarenda í elsta hluta borgarinnar (Reykjavík I) fara oftast gangandi og 7% nota yfirleitt strætó sem eru mun hærri hlutföll en í öðrum borgarhlutum. Svarendur í Reykjavík II milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar (miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu) ferðast mun meira á reiðhjóli en þeir sem búa í öðrum hlutum höfuðborgarsvæðisins.



Mynd 38


Hvaða aðgerð myndi helst leiða til þess að þú notaðir strætó meira? Svörin við þessari spurningu eru nokkuð dreifð. Flestir svarendur á höfuðborgarsvæðinu eða tæp 29% nefna tíðari ferðir. Því næst kemur bætt ferðaáætlun um 20%. Um 14% nefna fríar ferðir og 7% lægra fargjald. Tæpur þriðjungur nefnir annað eða blöndu af ofansögðu.

Elstu svarendur nefna oftast lægra verð og fríar ferðir. Svarendur í grannsvéitarfélögum vilja tíðari ferðir og svarendur í elsta borgarhlutanum vilja bætta ferðaáætlun.




Mynd 39

Á að skattleggja nagladekkjanotkun? Um 44% allra svarenda svöruðu spurningunni játandi. 54% svarenda á höfuðborgarsvæði, 33% svarenda í jaðarbyggð og 39% svarenda í landsbyggðarkjörnum. Um 60% svarenda í Reykjavík I voru þessu samþykkir en rúmlega 40% svarenda í Reykjavík III og í grannsvéitarfélögum.



Mynd 40

Værir þú tilbúinn að skiptast á að aka til vinnu með nágranna eða vinnufélaga? Um 70% allra svarenda svöruðu spurningunni játandi. Um 65% svarenda á höfuðborgarsvæði, 70% í landsbyggðakjörnum og 77% svarenda í jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Konur eru heldur jákvæðari en karlar og yngsti aldurshópurinn mun jákvæðari en þeir eldri. Ekki er verulegur munur milli borgarhluta á höfuðborgarsvæðinu, helst að úthverfabúar í Reykjavík séu síður tilbúnir í slíkan akstur en aðrir.




Mynd 41

Með hvaða aðgerðum er best að draga úr umferðarálagstoppum á höfuðborgarsvæðinu?

Í þessar spurningu voru gefnir upp 7 svarmöguleikar og fengu 3 kostir mestan stuðning um og yfir 20% svara (mynd 39). Flestir eða 23% svöruðu bætt umferðarmannvirki. Því næst kom ódýrari og tíðari strætóferðir, 22%. Í þriðja sæti sveigjanlegur vinnutími, 19%.


Fleiri og öruggari hjólabrautir fengu 4% og betri stýring umferðarljósá 3%. Sitt hvort 1% fengu gjaldtaka á einkabílum á helstu umferðaræðum á álagstímum og betri upplýsingagjöf. Um 27% svarenda töldu að eitthvað annað eða að blanda af þessum aðgerðum skilaði bestum árangri.

Karlar og svarendur undir 40 ára aldri vildu bætt umferðarmannvirki, fólk á miðjum aldri nefndi oftast en aðrir sveigjanlegan vinnutíma. Eldri borgarar vildu ódýrari og tíðari strætóferðir og yngsti aldurshópurinn var hlynntastur betri hjólastígum.



Mynd 42


Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri? Lang efst á blaði eða um 41% af öllum svörum þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu var Sundabraut. Gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar komu næst með 13% svara og að bæta gatnakerfið almennt 10%. Bættar almenningssamgöngur 8%, að fjölga mislægum gatnamótum 6% og að breikka Miklubraut og Kringlumýrarbraut 5%. Draga úr notkun einkabíla var 4% svara og Miklubraut í stökk við Lönguhlíð 3%



Mynd 43


Ferðir til og frá höfuðborgarsvæði

Ferðir íbúa höfuðborgarsvæði til valinna staða sumarið 2007: Í lokahluta könnunarinnar voru svarendur á höfuðborgarsvæði spurðir hve oft þeir höfðu heimsótt 10 staði á landsbyggðinni sumarið 2007 (Sjá mynd 41).



Mynd 44

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu heimsóttu að meðaltali Borgarnes oftast af þessum 10 stöðum sumarið 2007 eða 2,6 sinnum. Næst kom Árborg með 2,2 heimsóknir og Reykjanesbær með 1,9 heimsóknir.



Mynd 45


Reykjanesbær fær heldur færri heimsóknir yfir sumartímann en Borgarnes og Árborg sem stafar líklega af því að síðast nefndu staðirnir eru í alfaraleið sumarleyfisferða t.d. sumarbústaðasvæða en Reykjanesbær ekki.

Eðlilega fækkar heimsóknum/ferðum íbúa höfuðborgarsvæðis til staða eftir því sem þeir eru í meiri fjarlægð þ.e. því meiri fjarlægð því minni líkur er á samskiptum/heimsóknum.

Frávikin frá einfaldri fjarlægðarreglu eru aðallega þau, að staðir sem liggja utan hringvegar s.s. Stykkishólmur, Ísafjörður og Sauðárkrókur fá færri heimsóknir en búast mætti við ef aðeins er gengið út frá fjarlægð. Sjá t.d. mun á Vík og Stykkishólmi.

Staðir sem eru stórir á íslenskan mælikvarða eins og Akureyri og staðir þar sem eru mikil umsvif eða framkvæmdir í gangi eins og Egilsstaðir fá aftur á móti fleiri heimsóknir en ætla mætti út frá fjarlægð. Það verður að teljast gott að ¾ íbúa höfuðborgarsvæðis hafi heimsótt Akureyri sumarið 2007

Ferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu: Fróðlegt er að bera saman fjölda ferða frá höfuðborgarsvæðinu yfir sumarmánauðina, júní til ágúst 2007, og ferðir til höfuðborgarsvæðis frá sömu stöðum veturinn 2006/2007 þ.e mánuðina desember til ferbrúar. Reyndar voru notaðar sýslur í vetrarkönnun 2006/2007 en umræddir staðir eru stærstu þéttbýlisstaðir í viðkomandi sýslum.



Mynd 46

Niðurstaðan er sú að íbúar þessara 10 staða fara að meðaltali 9 sinnum oftar til höfuðborgarsvæðisins en íbúar höfuðborgarsvæðis til þeirra. Íbúar staða nálægt höfuðborgarsvæðinu eins og Árborgar sækja 11 sinnum oftar til höfuðborgarsvæðisins yfir vetrartímann en íbúar höfuðborgarsvæðisins fara þangað að sumarlagi. Þannig fóru svarendur frá Árborg að meðaltali 24 ferðir til höfuðborgarsvæðisins yfir 3 vetrarmánuði 2006/2007 (2 ferðir á viku), en íbúar höfuðborgarsvæðisins að meðaltali 2,2 ferðir til Árborgar sumarið 2007.

Þessi niðurstaða er áminning um yfirburðastöðu höfuðborgarsvæðisins sem megin þjónustumiðstöðvar landsins. Það er leitun að þjóðríki þar sem um 2/3 hlutar íbúanna búa á einu borgarsvæði. Aðgengi landsbyggðarfólks að höfuðborginni þarf því að vera gott sama hver ferðamátinn er og að sjáfsögu einnig aðgengi borgarbúa að stöðum á landsbyggðinni.

Það er spurning hvort orðalag í spurningunni um ferðir íbúa höfuðborgarsvæðis til valdra staða hafi skipt máli varðandi ferðir til Árborgar og Borgarness sem eru í þjóðleið út frá höfuðborgarsvæðinu. Spurt var hvaða staði **heimsóttir** þú sl. sumar. Það eru spurning hvort hærri tölur hefðu fengist fyrir þá staði ef spurt hefði verið hvaða staða **komst þú til**, því að flestir stoppa stutt við í sjoppu/bensínstöð ef þeir stoppa á annað borð, en heimsókn tengist í hugum margra erindi á viðkomandi stað.

Meira jafnvægi er í þessum ferðum milli Akureyrar og höfuðborgarsvæðisins en Akureyringar fóru að meðaltali 2 ferðir til höfuðborgarsvæðisins á 3 mánuðum eða 2,7 sinnum oftar en íbúar höfuðborgarsvæðis sem fóru að meðaltali 0,73 ferðir til Akureyrar.

Svarendur frá Stykkishólmi og Vík fóru 6 - 7 ferðir til höfuðborgarsvæðisins veturinn 2006/2007 og teljast vera á ytri mörkum hins virka áhrifa- eða þjónustusvæðis höfuðborgarsvæðisins ef miðað er við vikulegar ferðir. Fólk sem býr í yfir 200 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæði fer þangað mánaðarlega eða 2 á mánaða fresti að meðaltali.

Hið virka atvinnu- og þjónustusvæði höfuðborgarsvæðisins miðað við vikulegar ferðir þangað nær því til Árborgarsvæðis, Suðurnesja og Borgarness og nágrennis en ekki til Víkur eða vestur á Snæfellsnes.

Lokaorð

Eitt af megininkennum nútíma samfélags er mikill hreyfanleiki fólks og eru ferðamynstur og ferðavenjur því sífellt að breytast. Það er því mikilvægt að samgönguyfirvöld fylgist vel með þessum breytingum og aðlagi markmiðssetingu og stefnumótun að breytingunum.

Tilgangur þessarar könnunar var að fylgja eftir fyrri könnunum Land-ráðs sf fyrir samgönguyfirvöld á ferðavenjum landsmanna og breytingum á þeim síðustu árin. Könnunin er ætlað að vera bakgrunns- eða stuðningsgögn við stefnumótun í samgöngumálum, ekki síst fyrir vinnu að endurskoðun samgönguáætlunar á hverjum tíma.

Könnun þessari er ætlað að vera fyrst af fleiri könnunum þar sem með reglubundnum hætti er fylgst með völdum þáttum sem einkenna ferðamynstur landsmanna. Helstu þættir sem fylgst er með eru: Tíðni ferða, ferðamáti, erindi, ferðavegalengd og ferðatími sem og ákvörðunarstaðir.

Grunnatriði er að fylgjast með breytingum á ferðum milli höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýlisstaða þ.e. að fylgjast með breytingum á áhrifa- eða þjónustusviði höfuðborgarsvæðisins, því að samskipti milli höfuðborgarsvæðis og nágrennabyggða hafa stöðugt verið að vaxa á síðustu árum. Vaxandi fjöldi fólks hefur flutt frá höfuðborgarsvæðinu til jaðarbyggða og margir þar sækja bæði vinnu og þjónustu til höfuðborgarsvæðisins þannig að mikil umferð verður á þessu svæði, „ferðabeltinu“ svokallaða.

Í könnuninni er aðallega gerður samanburður við fyrstu könnun Land-ráðs sf á sumarferðum 2004. Töluverðar breytingar hafa orðið á ferðamynstri og ferðavenjum á þessu 3 ára tímabili. Sem dæmi má nefna að virkni ferðabeltisins umhverfis höfuðborgarsvæðið, þ.e. tíðni ferða, hefur haldið áfram að aukast og að innanlandsflugi hefur heldur vaxið fiskur um hrygg á þessu tímabili.

Ein af afleiðingum hinnar miklu velmegunar síðustu árin er mikil aukning á eignarhaldi og notkun á alls kyns hjólhýsum og virðist sem sú þróun hafi leitt til þess að ekki hefur verið aukning á ferðum í sumarhús frá fyrri könnun. Einnig getur aukning á flugferðum til útlanda spilað inn í þá mynd.

Í ágripi eru helstu niðurstöður könnunarinnar dregnar saman og verða þær því ekki raktar hér. Minnt er á að í bakgrunnsgögnum er að finna nákvæmari upplýsingar um ferðavenjur hinna ýmsu hópa og íbúa 7 könnunarstaða og 11 svæða með 4 skiptingu höfuðborgarsvæðis.

Í næstu könnun sem fara mun fram í mars/apríl 2008 verður kannaðar ferðavenjur landsmanna að vetrarlagi 2007 -2008 (desember – febrúar) og þær bornar saman við vetrarkönnun 2004 – 2005.

Viðauki I

Land-
ráð sf

24. sept 2007BR

Ferðavenjur Íslendinga

A) Ferðir út fyrir sveitarfélag (allir svara)

1. Vinnur þú utan sveitarfélags eða ferð þú vikulega eða oftár út fyrir sveitarfélag vegna vinnu eða viðskipta?
2. Hvar er vinnustaður þinn? (Í búsetu sveitarfélagi, í sama landshluta, í öðrum landshluta?)
3. Hve langan tíma tekur vinnuferðin að jafnaði aðra leiðina?
4. Hve oft ferðast þú út fyrir þitt sveitarfélag (byggðasvæði) í sumar, júní til ágústloka (allar ferðir)?
5. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú oftast út fyrir sveitarfélag? (Í eigin bíl, farþegi með öðrum í bíl, með rútu, með flugi, með ferju, með öðrum hætti)
6. Erindi: Í hvaða tilgangi ferðast þú út fyrir sveitarfélag þitt síðastliðið sumar? (opið)
7. Hve langan tíma taka þessar ferðir að jafnaði aðra leiðina?
8. Dvelur þú lengur en 2 mánuði á ári að jafnaði á öðrum stað en lögheimili þínu?
9. Hvar? (í sumarhúsi, í íbúð á vegum fyrirtækis/stofnunar vegna vinnu, heimavist við skóla, erlendis vegna vinnu, annað?)
10. Hefur þú aðgang að eða átt þú sumarbústað?
11. Hversu oft heimsóttir þú hann í sumar?
12. Átt þú tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi? (ef já, sp 13)
13. Hvað notaðir þú það marga daga sl. sumar?
14. Hve oft fórst þú til höfuðborgarsvæðisins í sumar? (landsbyggðarfolk)
15. Hvaða ferðamáta notaðir þú í ferðum til höfuðborgarsvæðisins? (landsbyggðarfolk)
16. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngukerfi landsins á næstu misserum að þínu mati?

B) Flug

1. Hve oft flaugst þú innanlands síðustu þrjú mánuði?
2. Hve oft flýgur þú að jafnaði innanlands á ári?
3. Hve oft flýgur þú að jafnaði til Reykjavíkur (út á land, íbúar á höfuðborgarsvæði) á ári?
4. Flýgur þú nú meira, minna eða svipað innanlands og fyrir 3 – 5 árum?
5. Hvert var helsta erindið eða tilgangurinn með síðasta innanlandsflugi? _____
6. Á hvers vegum flýgur þú yfirleitt innanlands? a) eigin vegum, b) á vegum opinberra aðila (ríkis eða sveitarfélaga), c) á vegum einkafyrirtækis
7. Hve oft flýgur þú til útlanda á ári að jafnaði? _____
8. Hvaða einstaka aðgerð/framkvæmd gæti leitt til þess að þú flygir oftár innanlands? _____
9. Hversu mikilvæga telur þú flugþjónustu (innanlandsflug) fyrir þitt byggðarlag? (5 flokkar)
10. Hvert eftirtalinnna atriða þarf helst að bæta á flugstöðinni í þínu byggðarlagi? a) fjöldi og fyrirkomulag bílastæða, b) almenningssamgöngur við flugstöðina, c) fyrirkomulag innritunar, d) aðstaða fyrir farþega, e) hreinlætisaðstaða, f) öryggisatriði varðandi farangur ofl, g) veitingaþjónustu, h) upplýsingar um breytingar á flugáætlunum, h) annað
11. Hvað er mikilvægast að bæta í þjónustu við flugfarþega? _____
12. Ef ákveðið verður að flytja miðstöð innanlandsflugs úr Vatnsmýri í Reykjavík hvert ætti þá að flytja miðstöðina? (annan stað á höfuðborgarsvæði, til Keflavíkur, annað)

13. Á að bjóða upp á aukið flug til útlanda frá fleiri flugstöðvum en í Keflavík? (Ef já svara spurningu nr.14)
14. Frá hverjum þessara flugvalla? Reykjavíkflugvelli – Ísafirði – Akureyri – Egilsstöðum?

**C) Ferðir fólks á höfuðborgarsvæðinu
(skipt í 4 svæði aðeins fyrir íbúa höfuðborgarsvæðis)**

1. Hve langt er milli heimilis og vinnustaðar í km?
2. Hve langan tíma tekur ferð þín milli heimilis og vinnustaðar að jafnaði?
3. Hve margar ferðir ferð þú að jafnaði á virkum degi? – öll erindi (ein ferð = milli A og B)
4. Hve löngum tíma telur þú að þú eyðir í einkabíl að jafnaði á virkum degi?
5. Ferðamáti: Hvernig ferðast þú að jafnaði innan höfuðborgarsvæðis?
6. Hvaða einstaka aðgerð/framkvæmd gæti leitt til þess að þú notaðir meir almenningsamgöngur.
7. Telur þú rétt að skattleggja nagladekkjanotkun einkabíla til þess að minnka svifryksmengun á höfuðborgarsvæðinu? (já, nei, veit ekki)
8. Værir þú til í að skipast á að aka til vinnu með með vinnufélögum eða nágranna? (já, nei, veit ekki)
9. Með hvaða aðgerðum er best að draga úr umferðarálagstoppum á höfuðborgarsvæðinu? (flokkaðir kostir; bætt umferðarmannvirki – sveigjanlegur vinnutími – betri upplýsingagjöf – betri stýring umferðarljósá – tíðari og ódýrari strætóferðir - gjaldtaka á einkabíla á helstu umferðaræðum á álagstímum – fleiri og öruggari hjólabrautir – annað)
10. Hver er mikilvægasta framkvæmd í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu næstu misseri að þínu áliti?
11. Hve oft heimsóttir þú eftirfarandi staði sl 3 mánuði?
Borgarnes – Stykkishólm – Ísafjörð – Sauðárkrók – Akureyri – Egilsstaði – Hornafjörð – Vík – Árborg – Reykjanesbæ

Úrtak: Um 2000 manns (900svör)
 Könnunarstaðir: Höfuðborgarsvæðið (4 skipt)
 Jaðarbyggð höfuðborgarsvæðis: (Reykjanesbær, Árborg og Akranes)
 Landsbyggðakjarnar: Ísafjörður, Akureyri og Egilsstaðir

Bakgrunnsspurningar: Kyn – aldur (6) – búseta (3 og 10) – menntun (4) – fjölskyldutekjur(4) – hjúskaparstaða (2) – fjöldi í heimili (2) – fjöldi bíla (4)